

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin Miðberg

Starfsáætlun 2018-2019



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Miðbergs	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs.....	5
Hlutverk Miðbergs	5
Gildi Miðbergs	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	6
Stefnukort frístundahluta SFS 2018.....	8
STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2018-2019	9

Inngangur

Frístundamiðstöðin Miðberg starfar eftir leiðarljósi skóla- og frístundasviðs (SFS) sem er: Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu. Hlutverk starfsstaða sviðsins er að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins á öllum aldri. Hjá Miðbergi starfa um 120 starfsmenn en af þeim eru 23 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sjö frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar.


Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, reynslu og ólíkan bakgrunn. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg verkefnanna kalla á sérhæfingu og sérþekkingu.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Miðberg styður við menningu og listsköpun barna og unglinga með smíðjum og viðburðum þar sem unnið er með leiklist, tónlist, hönnun og kvikmyndagerð. Miðberg er virkt í ýmsum samstarfsverkefnum í Breiðholti með áherslu á að styrkja félagsauðinn í hverfinu. Helstu samstarfsaðilarnir eru Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, leikskólar og íþrótt- og félagasamtök í hverfinu. Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2018-2019 er að auka framboð af hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður aukið áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hinsvegar með þátttöku í verkefninu heilsueflandi Breiðholt.

Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum.

Starfsáætlun Miðbergs 2018-2019 er unnin út frá frístundastefnu Reykjavíkurborgar og starfsskrá frístundamiðstöðva í Reykjavík. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið, niðurstöðum úr ytra mati og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Helstu verkefni áætlunarinnar eru unnar af starfsmönnum Miðbergs en markmið, nánari útfærslur, ábyrgð og tímaramma er að finna í aðgerðaáætlunum starfsstaða Miðbergs. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2018 og gildir til 31. ágúst 2019.

Skipurit Miðbergs



Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs

Í starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hlutverk Miðbergs

- Að stuðla að fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi meðal barna og unglunga í hverfinu.
- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

1. Góður starfsandi. Gleði, væntumþykja og jákvæðni.
2. Virðing. Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum.
3. Samvinna. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.
4. Mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði.
5. Faglegt starf. Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
6. Öryggi. Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga.
7. Frumkvæði. Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi.

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi hefur verið mjög góð. Lítil starfsmannavelta hefur verið í starfinu, en allir starfsmenn félagsmiðstöðva Miðbergs fóru í námsferð til Armeníu á árinu. Dagskrá félagsmiðstöðvanna var alfarið á hendi unglingana sjálfra og þau fengu þá ábyrgð að sjá um einstaka dagskráliði og gekk það ágætlega. Boðið var upp á fræðslu einu sinni í mánuði og stórfundir haldnir einu sinn í mánuði. Í ár var ráðist í samstarfsverkefni á milli Hellisins og Hundraðogellefu varðandi nokkra drengi sem skráðir eru í Hellinn. Markmið verkefnisins var að auðvelda þeim þátttöku í opnu félagsmiðstöðvastarfi.

Ungmennaráðið hélt meðal annars glæsilegt ungmennaþing í Austurbergi um óheilbrigð sambönd, samskipti og kynferðislega áreitni.

Í Hellinum sértækri félagsmiðstöð var mikil fjölgun barna milli ára og gekk illa framan af vetri að fullmanna starfseminu en fullmannað var í byrjun desember. Í vetur var starfseminni í fyrsta skipta aldurskipt 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Mikil áhersla var í vetur á lýðræðislega þátttöku unglinga í Hellinum og tókst það vel.

Fjöldi barna í frístundaheimilum eykst jafnt og þétt og hækkar hlutfallsleg þátttaka barna jafnt og þétt. Mönnun var þökkaleg að hausti og tókst okkur að taka meirihluta barna inn fljótlega eftir skólabyrjun. Það hægðist hins vegar verulega á mönnun þegar leið á haustið og var eitthvað um að börn væru á biðlista fram í október. Frístundaheimilin héldu áfram að vera undirmönnuð fram á vor þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar í leit að starfsmönnum. Í nokkur skipti var haft samband við foreldra og óskað eftir því að þeir sem gætu sótt börn sín snemma myndu gera það.

Mikil og skemmtileg fjölbreytni var í innra starfi frístundaheimilanna og meðal þess sem stóð upp úr voru sönghópar sem voru fyrir 1 og 2 bekk og lauk þeim með sameiginlegum tónleikum með skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts, ljósmyndaklúbbur sem lauk með útgáfu ljósmyndabókar og sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur, Árbæjarsafni og Gerðubergi, leiksýningar og okkar árlega kvikmyndasýning í Sambíóunum Álfabakka.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar (Hvaða þættir starfsins voru metnir?)

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Netkönnun	Starfsmenn Miðbergs	Hækkum okkur í flestum þáttum. þarf að skoða álag og aðstæður starfsmanna.
Foreldrakönnun	Netkönnun	Foreldrar barna í frístundaheimilum	Næsta mat 2018
Ungt fólk 2018	Rannsókn og greining	Unglingar	Helstu áherslur, kvíði barna og aukin áhættuhegðun

Umbótaáætlun (fyrir tímabilið 2018-2019)

Umbótaáætlanir eru gerðar fyrir hvern starfstað fyrir sig og birtast ekki hér

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning/ ábyrgð.	Endurmat; hvenær og hvernig
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig gerum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið. Ábyrgð hvers?	Hvernig á að meta? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)
Aðstöðumál	Viðunandi húsnæði og lóðir	Er hafið í samráði við USK	Framkvæmdastjóri	Verki lokið
Álag á starfsfólk	Að fækka veikindum starfsmanna	Viðverustefna	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Fara eftir verklagi viðverustefnu

Stefnukort frístundahluta SFS 2018

Framsækið og leiðandi frístundastarf

Barnið/ unglingurinn	Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Sjálfsþing: Sterk sjálfsmýnd og trú á eigin getu	Læsi: Skilningur á samfélag og umhverfi	Sköpun og frjó hugsun	Heilbrigði: Heilbrigður lífsstíll og vellíðan
---------------------------------	---	---	---	------------------------------------	---

Frístundastarfið	Fjölbreytt og skemmtilegt	Virk þátttaka	Jöfnuður	Forvarnir og lýðheilsa	Fagmennska
-------------------------	------------------------------	------------------	----------	---------------------------	------------

Mannauður

Bjargir (fjármál, húsnæði, aðbúnaður)

STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2018-2019

Frístundamiðstöðvar vinna sínar starfsáætlanir fyrir 2018-2019 út frá nýju stefnukorti frístundahluta skóla- og frístundasviðs sem unnið er út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundaþjónustu Reykjavíkurborgar til 2025.

BARNIÐ/UNGLINGURINN			Sameiginlegar leiðir
			Barnastarf
			Unglingastarf
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Lýðræði	- Unglinga- og ungmennaráð. Stórfundir. Þátttaka í rekstraráætlun - Barnalýðræði með áherslu á 3.-4. bekk	
	Grænu skrefin	- Flokkun og endurvinnsla. Jákvæð fræðsla um umhverfisvernd - Safna rusli keppni - Hvetja börnin til að labba í skóla - Auka neytandavitund hjá frístundaheimilinu	
	Þátttökuvottun	Vottun fyrir störf í þágu félagsmiðstöðvarinnar	

STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Sjálfsfelling: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Lífsleikni	- Börn og unglingar séu stolt af sjálfum sér og sínum uppruna - Umbunarkerfi til að styrkja við jákvæða hegðun - Enginn er eins. Heimskort - Lífsleikni í 8. bekk	
	Fræðsla	- Fræðsla fyrir foreldra í Breiðholti - Markmiðasetning og vinna með styrkleika	
	Hópastarf	- Greina og vinna með börnum sem sýna kvíðaeinkenni - Sem miðar að styrkleikum hvers og eins. Sjálfstyrking og samskipti	

STEFNUÞÁTTUR

Læsi:
Skilningur á
samfélag og
umhverfi

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fræðsla í sértæku starfi

- Ýmis fræðsla sem snýr að umhverfislæsi

Gagnrýnin hugsun

- Meta upplýsingar sem maður fær, til dæmis á internetinu

Strætó verkefni og Öruggar gönguleiðir

- Börnum í 3-4 bekk kennt á strætó
- Börnunum kennt á nær umhverfið, öruggar gönguleiðir

Tómstundir

- Upplýsa börn og foreldra um það sem er í boði í hverfinu sbr. Tuff

STEFNUÞÁTTUR

Sköpun og frjó
hugsun

MARKMIÐ

LEIÐIR

Klúbbastarf

- Áhugasvið og sértækt.
- Tónlist, tal og listræn hugleiðsla. Söguklúbbur og listræn hugleiðsla

Listasmiðja

- Skapa listaverk úr ruslinu/pappír
- Nýta listasmiðju í fjölbreytt verkefni. Opna í stærri verkefni 1x í viku

Fræðsla um heilbriggt líferni

- Áhersla á fjölbreyttari hreyfingu
- Tilfinningarklúbbur
- Lögð sé áhersla á andlega heilsu. Fræðsla um mataræði og fjölbreytta hreyfingu

Heilbrigður lífstíll

- Minna sælgæti í boði og hafa hollan valkost í boði. Minna gos og minnkun á plastnotkun. Hafa 2x hreyfingu á dagskrá í mánuði

Heilbrigði:
Heilbrigður
lífstíll og
vellíðan

FRÍSTUNDASTARFIÐ

Sameiginlegar leiðir

Barnastarf

Unglingastarf

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fjölbreytt og skemmtilegt

Kynning á tómsundum

- Hvetja unglinga til að prófa nýjar tómsundir

Komið til móts við ólík áhugasvið

- Sérhæft hópastarf eftir á áhugasviðum. Fjölbreytt dagskrá og viðburðir

Klúbbastarf

- Áhugasviðsklúbbar

Aukin vitund á nærumhverfi og útinámi

- Fara í vettvangsferðir um nærumhverfið, aukin umhverfisvitund eða læsi, aukið útinám og fá svæði til umráða t.d. í Elliðaárdalnum eða í nærumhverfi frístundaheimilisins

STEFNUÞÁTTUR

Virk þátttaka

MARKMIÐ

LEIÐIR

Ábyrgðarmenn

- Unglingar sjá um að skipuleggja og framfylgja dagskráliðum

Ná til fleiri ungmenna

- Viðvera í skólum, lífsleikni og einstaklingsviðtöl

Forvarnarstarf gegn félagslegri einangrun og vanlíðan

- Tengja börn sem eru einangruð við litla hópa sem snúa að áhugamál þeirra
- Markviss félagsmótun fyrir börn sem eiga í hættu að lenda í einangrun eða líður illa

Foreldrasamstarf

- Foreldraviðtöl
- Samstarf við foreldrafélög

Jöfnuður	Kostnaður	Lágmarka kostnað, hafa flesta viðburði fría
	Þátttaka	Félagsmiðstöð án aðgreiningar
	Markvisst unnið með tungumál og orðaforða	- Allir hafi tækifæri til að auka orðaforða með því markmiði að allir skilji það sem fram fer - Setja upp orðmyndir við algenga hluti til að börnin skilji það sem fram fer - Umræða um innihald orða – leiðbeininga - athafna
Forvarnir og lýðheilsa	Fræðsla	- Óformlegt nám í opnu starfi - Heilsueflandi Breiðholt - Markviss fræðsla fyrir unglinga og starfsfólk
Fagmennska	Símenntun	Námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk
	Auka þverfaglegt starf milli stofnana	Skapa formlegan vettvang með árgangakennurum til að ræða börn og þeirra vandamál